# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2566 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 30. september 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss


## Síðasti þverboginn kominn á sinn stað

*Það var létt yfir fólki þegar síðasti stálboginn í nýju fjölnota íþróttahúsi var kominn á sinn stað. Haldið var lauflétt reisugildi í tilefni þess föstudaginn 25. september sl.*

## Leikskólakrakkar funda með sveitarstjóra

Elsti hópur nemenda á leikskólanum Örk kom nýlega í heimsókn á Austurveg 4 á Hvolsvelli. Þar fengu þau að skoða alla króka og kima, heilsa upp á þá sem þar vinna og sátu svo fund með Lilju Einarsdóttur sveitarstjóra. Á fundinum var farið yfir hin ýmsu málefni, m.a. spurði sveitarstjóri krakkana hvaða leiktæki væri snjallt að hafa á leikvellinum við nýja leikskólann þegar hann verður klár og voru uppástungurnar margar og góðar.

Eftir fundinn sungu leikskólakrakkarnir fyrir starfsmenn á Austurveginum og slógu heldur betur í gegn. Þessi vika er fjölmenningarvika í leikskólanum og í hópnum sem heimsótti ráðhúsið voru börn og kennarar frá 6 löndum, það var því tilvalið að syngja Meistari Jakob á öllum þessum tungumálum sem þau og gerðu með glæsibrag.

## Brennandi áhugi á kynningarfundi Brunavarna Árnessýslu

Kynningarfundur hjá Brunavörnum Árnessýslu var fjölsóttur af bæði körlum og konum, en þær voru sérstaklega hvattar til að sækja um. Um 60 manns samankomnir í húsnæði BÁ í björgunarmiðstöðinni á Selfossi. Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri setti fundinn, en starfsmenn slökkviliðsins voru með kynninguna og kynntu starfið fyrir áhugasömum. Í samtali við Pétur kom fram að kvöldið hefði heppnast vel og margir farið fróðari heim. Til stóð að ráða inn hlutastarfandi nýliða á haustmánuðum. Óskað var eftir fólki sem gæti starfað á Selfossi, Laugarvatni, Flúðum, Reykholti, Árnesi, Hveragerði og Þorlákshöfn í hlutastarfi í útkallsliði BÁ. Spurður um hver næstu skref verða fyrir þá sem sækja um segir Pétur að hver umsókn sem komið hafi inn verði metin. Þá taki við þrekpróf og hefðbundið ferli þess að verða slökkviliðsmaður. *-gpp*

# Lausar lóðir á Klaustri

Það ríkir bjartsýni hjá sveitarstjórn Skaftárhrepps og uppbygging framundan. Nú hefur verið gerður samningur við ríkið um að sveitarstjórn geti úthlutað lóðum við læknisbústaðinn og heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri en það land er í eigu ríkisins, alls 1,23 hektari. Landið hefur nú verið deiliskipulagt. Heilsugæslustöðin er 358 fermetrar og er innan lóðar á sérstökum reit, ætlað opinberri þjónustu, en að öðru leyti er svæðið skipulagt fyrir íbúðabyggð.

Læknisbústaðurinn var byggður 1950 og fluttist þar með læknissetur sveitarinnar frá Breiðabólsstað á Síðu að Kirkjubæjarklaustri. Læknisbústaðurinn var teiknaður af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins og var íbúð fyrir læknisfjölskylduna uppi en móttaka sjúklinga á neðri hæðinni. Eftir að Heilsugæslan var byggð við hlið læknisbústaðarins var húsið íbúð fyrir lækninn en nú er búið að breyta húsinu í tvær íbúðir.

Landið sem ríkið á umhverfis læknisbústaðinn er allstórt, inni í miðju þorpinu, og hefur nú verið teiknað skipulag fyrir nokkur mismunandi hús á lóðinni. Umsóknarfrestur um lóðirnar er til 15. október 2020 og gert ráð fyrir að fólk geti byrjað að byggja vorið 2021.

Lóðirnar eru mismunandi, ætlaðar fyrir raðhús, parhús og einbýlishús, á einni eða tveimur hæðum. Númerin á teikningunni segja hvar hver lóð er: R- er ætlað fyrir 3ja íbúða raðhús, P- fyrir eitt parhús, E1 - er fyrir einbýlishús á einni hæð, allt að 180 fermetrar, E2- er fyrir einbýlishús á einni til tveimur hæðum, með sambyggðri bílageymslu allt að 180 fermetrar.

Á Kirkjubæjarklaustri búa nú um 150 manns og þar er að finna flesta þjónustu t.d. leikskóla, grunnskóla, hjúkrunarheimili, íbúðir fyrir aldraða, verslun, veitingahús og þar er mjög góð aðstaða til að stunda íþróttir í Íþróttamiðstöðinni.

# Samvinna á Suðurlandi komin í verslanir

Samvinna á Suðurlandi - héraðssaga og kaupfélaga í Eyjum, Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum, eftir sagnfræðinginn Guðjón Friðriksson, er nýkomin út hjá Sæmundi bókaforlagi.

Sagan er ekki aðeins baráttusaga bændanna fyrir bættu afurðaverði heldur er rakin samgöngu-, menningar- og stjórnmálasaga auk lýsinga á búháttum sem tóku miklum breytingum strax á nítjándu öldinni. „Samvinna bænda í kaupstaðarferðum við þessar aðstæður svo sem samflot á löngum ferðalögum, var regla fremur en undantekning. Öræfingar, sem lengsta leið áttu, fóru t.d. jafnan saman í einni lest í kaupstað, annaðhvort á Djúpavog eða á Eyrarbakka og hjálpuðust þannig að. Lest þeirra var kölluð Öræfalestin. Fyrir þennan félagsskap gátu þeir oft fengið betra verð fyrir vörur sínar, sem aðallega var ull, tólg og lítið eitt af tóvöru (sokkum). Með þessu komust þeir einnig að betri kaupum. Ef þeim þótti verðið ekki viðunandi, þá fóru þeir lengra og fengu þar betri kjör, fóru til Eskifjarðar austur og eitt sinn til Reykjavíkur.“

## Lesendur fá í hendi þéttan þráð

Í upphafi sögunnar er kastljósinu strax beint að örðugleikum þeirra sem afskekkt búa og eins hvernig samstaða þeirra varð þeim til ávinnings við afurðasöluna eins og að ofan greindi. Litlu síðar er höfundur farinn að lýsa því hvernig foröðin undir Eyjafjöllum, Ásmýrarnar í Holtum og fleiri mýrasund eru brúuð um 1850 og lýkur því með að rekja leið Rangæinga og austanmanna eftir farvegi Rauðalækjar áleiðis að Sandhólaferju við Þjórsá. „Og leiðin yfir Hellisheiðina er kapítuli út af fyrir sig… “ segir höfundur á einum stað. Höfundi ferst vel úr hendi að tengja saman sögu um svaðilfarir yfir stórfljót, foröð og sanda annarsvegar og hinsvegar héruðin sem eignuðust, í fyllingu tímans, neytendur og kaupendur að sveitaafurðunum fyrir utan Hellisheiði og Svínahraun. Öllu þessu tekst höfundi að vefa saman í samfellu þannig að lesendur fá góða og haldmikla innsýn í líf og atburði þessa tíma. Mergjaðar frásagnir er hér að finna af áveitum á Skeiðum og í Flóa og ekki gleymist sagan af páfanum, sem spurnir hafði haft af Flóaáveitunni og spurði þá gest sinn, Guðbrand Jónsson prófessor, sem taldist ekki meðal aðdáenda þessa stórfyrirtækis. Sögukornið er skreytt ljóði Tómasar skálds frá Efri-Brú um heyskapinn í Rómarborg.

## Saga rjómabúa hvers fyrir sig

Sögu rjómabúanna hvers fyrir sig rekur höfundurinn, skreytir myndum og teikningum eins og gildir raunar um öll bindin. Í bindunum fjórum er að finna alls 1000 ljósmyndir. Í formála fyrir ritunum segir Hjörtur Þórarinsson um rjómabúin: „Þau áttu mikinn þátt í að efla félagsanda og samvinnu á Suðurlandi, hvöttu til kynbóta á búpeningi og juku hreinlæti á heimilum. Sagan er yfirgripsmikil og greinargóð og staðfest öruggum heimildum. Órjúfanlegur hluti af sögunni eru samgöngumál Sunnlendinga enda rekur Guðjón þau jafnhliða framvindu hennar. Hann fjallar um ferjur, vöð, vegi, brýr og samgöngur á sjó. Þá rekur hann sögu samvinnufélaganna

*Bindin falla vel í hendi og eru þægileg aflestrar.*

sem hófust með sauðagullinu og síðan hvers kaupfélagsins á fætur öðru, sem komust mörg á legg en féllu vegna ósamstöðu og verðlags- og þjóðfélagsbreytinga.“

## Ítarlega fjallað um kaupfélögin

Ítarlegast er fjallað um kaupfélögin á 20. öldinni. Rakin er saga kaupfélaganna í Vík í Mýrdal, Hallgeirsey, á Selfossi, Rauðalæk, Hvolsvelli, Hellu og í Vestmanneyjum frá stofnun til starfsloka en lokafarvegur þeirra stærstu varð við sameiningu við Kaupfélag Árnesinga.

Um höfundinn segir í formála Hjartar Þórarinssonar: „Guðjón Friðriksson er sagnfræðingur og rithöfundur frá Reykjavík en móðir hans var Eyrbekkingur og rekur hann ættir sínar um Árnes- og Rangárþing. Hann lauk BA-prófi í íslensku og sagnfræði frá Háskóla Íslands 1970 og hefur síðan verið athafnasamur í sagnaritun sinni og eftir hann liggja fjölmörg rit á sviði stjórnmála- byggða- og atvinnusögu.“ Við látum hér staðar numið í þessu stutta ágripi um Samvinnu á Suðurlandi sem margir hafa vafalítið beðið eftir og verður lesin ofan í kjölinn.

*-gpp*

# Hrós vikunnar

**Haraldur Hólmfríðarson**
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Haraldur Hólmfríðarson

Mig langar til þess að hrósa Bjarna Daníel Danielssyni (Bjarna Dan), starfsmanni Bláskógabyggðar, fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu samborgara. Alltaf boðinn og búinn, hvenær sem er sólarhringsins, til þess að þjónusta miskurteisa íbúa og gesti sveitarfélagsins.

Haraldur Hólmfríðarson

Ég skora á Bjarna Dan til að koma með næsta hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Bjarni, sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

# Auglýst eftir umsóknum um jarðræktarstyrki og landgreiðslur

Opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna framkvæmda á yfirstandandi ári í *Afurð greiðslukerfi landbúnaðarins* afurd.is, en umsóknir þurfa að berast fyrir 1. október nk.

**Jarðræktarstyrkir**

Framlögum til jarðræktarstyrks skal varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta. Uppskera er forsenda fyrir jarðræktarstyrk. Beit búpenings telst vera uppskera og nýting kornhálms til uppræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf. Ekki telst styrkhæf ræktun ef kornrækt er eingöngu ætluð til að draga að gæsir til skotveiði, nema ef kornhálmur er sannarlega hirtur eða plægður niður. Önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv. er ekki styrkhæf. Sækja þarf nú um jarðræktarstyrki vegna útiræktaðs grænmetis á sérstökum umsóknum þar sem fjármagn er hluti af endurskoðuðum samstarfssamningi um garðyrkju, og er umsóknarfrestur til 23. október 2020. Auglýst verður hvenær opnað verður fyrir þær umsóknir í Afurð.

**Landgreiðslur**

Framlögum til landgreiðslna skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar og framleiðanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar.

# Ráðning skólastjóra á nýjan leikskóla í Árborg lokið

Sigríður Birna Birgisdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri Goðheima. Alls bárust 5 umsóknir um starfið. Sigríður Birna er með M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana. Hún er einnig með M.Ed. próf í náms- og kennslufræði með áherslu á kennslu yngri barna. Sigríður Birna er með tvö leyfisbréf sem leikskólakennari og grunnskólakennari. Hún hefur verið leikskólastjóri Brimvers/Æskukots frá 2015 og hefur reynslu af leikskólastjórn frá árinu 2010. Auk þess hefur Sigríður Birna starfað sem starfsmaður í leikskóla, leikskólakennari og deildarstjóri á árunum 1986-2010 í leikskólum í Sveitarfélaginu Árborg.

***Sigríður Birna Birgisdóttir.***

# Saman stöndum við vörð um náttúru Íslands

Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 lögðu hönd á plóg í Friðland að Fjallabaki nú á haustmánuðum og tóku að sér það verkefni að setja niður vegstikur innan friðlandsins. Árangurinn með því að merkja vegi á hálendinu með vegstikum er sá að það dregur úr óþarfa utanvegaakstri. Það hefur sýnt sig að á þeim vegum þar sem vegmerkingar eru góðar í friðlandinu, þar er minna um utanvegaakstur. Þar sem vegir liggja yfir bera sanda er mikilvægt að hafa vegstikur þar sem vegslóðar eiga það til að afmást í sandroki og einnig að hverfa alveg sjónum í fyrstu snjóum á haustin. Að auki eru góðar vegmerkingar mikið öryggisatriði.

Undanfarin ár hefur Ferðaklúbburinn 4x4 lagt Umhverfisstofnun lið og farið í stikuferðir í friðlandið. Samvinna í náttúruvernd er mikilvæg og með því skapast góður vettvangur til samtals milli Umhverfisstofnunar, sem hefur umsjón með friðlandinu, og hagsmunaaðila.

Umhverfisstofnun þakkaði umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 fyrir framlag sitt og hlakkar til áframhaldandi samstarfs.

LOBBÝIÐ

Ný hársnyrtistofa opnar á Selfossi 5. október

Pantaðu tíma í síma 482 3111 eða í Noona-appinu

Eyravegur 2 - Selfossi
Sími 482 3111
www.lobbyid.is

Fylgstu með okkur á Facebook og Instagram @lobbyid.is

# Egill Thorarensen kemur í Sigtún

Á jólaföstunni 1917 bar gest að garði í Sigtúnum á Selfossi sem átti eftir að gera garðinn frægan. Í nýútkomnum bókum *Samvinna á Suðurlandi*, sem Kaupfélag Árnesinga gefur út og Guðjón Friðriksson rithöfundur skrifar, segir Guðmundur Daníelsson skáld frá komu þessa gests á Selfoss. „Það var á einu síðkvöldi, líklega á jólaföstu 1917, í gaddi og norðanbyl, að barið var að dyrum í Sigtúnum, Daníel kaupmaður og greiðasali gekk til dyra. Úti stóð hávaxinn ungur maður, fannbarinn nokkuð, en heldur upplitsdjarfur og bar upp erindi sitt alveg tæpitungulaust: „Ég er Egill Thorarensen frá Kirkjubæ og ætla að gista hér í nótt.“

Egill var tvítugur þarna. Hann ætlaði að verða skipstjóri og var á leiðinni til Reykjavíkur, ráðinn á togara. En í bænum bjó íturvaxin snót, Kristín Daníelsdóttir, dóttir kaupmannshjónanna. „Egill dvaldi í hálfan mánuð í Sigtúnum, fór aldrei á sjóinn, hann og Kristín léku villtan ástarleik allan þann tíma,“ segir skáldið. Egill Thorarensen var kominn á Selfoss og þar átti hann eftir að gera garðinn frægan, varð athafnaskáld Sunnlendinga næstu 40 árin.

Ári síðar hafði Daníel selt þessum tengdasyni sínum allar eignir sínar, verslunina í Sigtúnum og Tryggvaskála. Afsalið var dagsett 11. nóv. 1918, sama dag og fyrri heimsstyrjöldinni lauk, það var kreppa. Egill var orðinn kaupmaður sem lét að sér kveða og græddi síðar á Flóaáveituframkvæmdunum og varð fljótt umsvifamikill. Selfoss var að byrja að rísa og Landsbankinn kom sama ár á Selfoss.

Gerum nú langa sögu stutta því um þetta allt lesum við í bókum Guðjóns Friðrikssonar og margir kunna enn þessa sögu. Best er lýsing Kristins Vigfússonar staðarsmiðs Selfoss á Agli í samtalsbók sem Guðmundur Kristinsson sonur hans skrifaði. Þar má lesa að Egill var engum manni líkur fyrir hvatleik sinn og við hvetjum Sunnlendinga til að lesa einnig bók Guðmundar, því þar er mikil saga frásagnarmannsins Kristins Vigfússonar. Egill var foringi, hann var skipstjóri í eðli sínu og sá framtíðina í sókn og sigrum. Nú gerðist hann kaupmaður í sveitaverslun og síðar seldi hann nýstofnuðu Kaupfélagi Árnesinga verslun sína og varð kaupfélagsstjóri. Hann var oftast nefndur *jarlinn af Sigtúnum.*

Sé Flóaáveitan móðir Selfoss þá er Egill Thorarensen faðir Selfoss. Burðarfyrirtækin Mjólkurbú Flóamanna og Kaupfélag Árnesinga tóku til starfa 1929 og 1930. Sumir telja að í báðum tilfellum hafi Egill verið með í ráðum. Egill stýrði brátt báðum þessum systurfyrirtækjum til stórræða allt til dauðadags. Selfoss varð bær iðnaðar og athafna. Egill er ennfremur faðir Þorlákshafnar, endurreisti útgerðina þar. Hann fann heitavatnið í Þorleifskoti / Laugardælum og rak hitaveitu Selfoss með annarri hendinni gegnum KÁ. Ráðhús Árborgar reisti hann sem skrifstofu- og verslunarhúsnæði KÁ með koparþaki. Egill var umdeildur enda stór í lund og djarfur í orðum, en þegar hann féll frá 63 ára gamall í janúar 1961 fylgdu honum til grafar hátt í tvö þúsund manns í einni fjölmennustu jarðarför á Íslandi fyrr og síðar. Þetta segir allt um þá virðingu sem hann hafði áunnið sér.

### Styttubandið um Egil Thorarensen

Enn er Egill „jarlinn af Sigtúnum.“ Nú viljum við í *„Styttubandinu,“* fá Egil heim. Hann komi aftur, nú sleginn í kopar. Við höfum samið við Sigtún h.f. um að stytta Egils standi við Sigtún sem er risið í sinni gömlu mynd vestan við Ráðhús Árborgar eða Gamla Kaupfélagshúsið og þar með skrifstofu Egils, í Miðbæ Sel-foss, þar sem ævintýrið beið hans 1917. *Styttubandið* eru samtök um minningu Egils Thorarensen og gerð styttunnar. Sigurjón Erlingsson múrari gaf samtökunum nafn og við höfum enn fremur leitað stuðnings bæjarstjórnar Árborgar. Við ætlum svo að heita á fyrirtæki og einstaklinga að hjálpa okkur í að fjármagna styttuna en listakonan sem hannar hana heitir Halla Gunnarsdóttir, og gerði listaverkið af Borgarskáldinu frá Efri-Brú, Tómasi Guðmundssyni sem er við Reykjavíkurtjörn. Stytta af jarlinum af Sigtúnum auðgar söguna og setur allt á „örlítið hærra plan,“ þegar höfuðsmiðurinn birtist á ný.

*Guðni Ágústsson,*
*Sigurjón Erlingsson,*
*Helga Ólafsdóttir,*
*(afabarn Egils)*
*Grímur Arnarson,*
*(langafabarn Egils)*
*Hjörtur Þórarinsson,*
*Jón Ó. Vilhjálmsson.*

# Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Sigurður Kristinn Guðbjörnsson.**

Þau hjónin Fanney Magnúsdóttir (betri helmingur Guðjóns) og Guðjón S. Jónsson, einn af bestu golfspilurum landsins úr hópi íslenskra glersölumanna, útnefndu mig sem matgæðing vikunnar. Takk fyrir þetta kæru hjón.

Uppskrift vikunnar er blanda af íslensku vinnuafli og norskri hefð; pinnakjöt (norskur jólamatur). Nauðsynlegt er að nota íslenskt lamb. Það er ekki verra að það komi úr eigin ræktun, hafi lifað á fjallajurtum og helst gengið á Landmannaafrétti.

Ekki er gott að nota of feitan skrokk í pinnakjöt. Best að hann sé um 14 til 16 kg. Lærin eru söguð af og framskankar teknir líka. Síðan er framparturinn og hryggurinn sagaður eftir miðju endilangt. Nú er gróft salt sett í plastkassa og þegar búið er að setja slatta í botninn eru partarnir settir ofan í og fyllt vel af salti yfir. Passa að þeir liggi ekki saman. Þetta er látið vera í saltinu í um það bil 5 til 10 daga, allt eftir veðri og vindum. Síðan er þetta tekið og hengt upp og látið hanga í 4 til 6 vikur. Gott er að gera þetta fljótlega í nóvember svo þetta sé tilbúið fyrir 24. desember. Þetta er svo sagað í þunnar sneiðar. Kvöldið áður er kjötið sett í vatn og hellt af því daginn eftir. Þegar pinnakjötið er eldað þá eru sérstakir pinnar (frá Noregi, bjørkepinner) lagðir neðst í pottinn og kjötinu raðað ofan á pinnana. Síðan er vatnið sett rétt upp að kjötinu. Suðan er látin koma upp og kjötið látið malla í tvo tíma.

Með þessu er gott að gera rófustöppu og kartöflur. Sjóða tvær meðalstórar rófur frá Suðurlandi. Þegar þær eru soðnar þarf að stappa þær, ég nota svo dass af rjóma, salt og pipar með og smakka til þangað til rétta bragðinu er náð. Kartöflurnar koma að sjálfsögðu úr Þykkabæjarmold og eru soðnar. Ég borða yfirleitt svo vel af þessu að það er ekki pláss fyrir mikinn eftirrétt svo ég sleppi honum.

Ég skora á einn af meðeigendum mínum í Fjórum nöglum, húsasmíðameistarann Þórarin Árna Guðnason. Hann er mikill matgæðingur og hefur, að ég tel, nóg af uppskriftum uppi í erminni.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

# Bókasafn Árborgar komið á vetrartíma

Bókasafnið er nú opið samkvæmt vetrartíma frá kl. 9:00 til 19:00 alla virka daga og frá 10:00 til 14:00 á laugardögum. Á þessum tímum sem lítið er hægt að ferðast nema innanlands og innanhúss er tilvalið að kíkja á bókasafnið til tilbreytingar. Þemað í barnadeildinni núna er Egyptaland og þangað er hægt að ferðast ókeypis og láta fara vel um sig og glugga í blöð og bækur með börnunum. Það eru allir velkominir á safnið, sem er miðsvæðis í bænum og tilvalinn staður til að hittast á til skrafs og ráðagerða, til að njóta samveru eða einveru allt eins og hverjum hentar.

Við minnum ykkur, sem eigið bókasafnskort, á að rafbókasafnið stendur ykkur líka til boða og við aðstoðum ykkur fúslega við að nýta það.

Nú stendur yfir falleg sýning í Listagjánni, frá nemendum FSu. Við hvetjum ykkur til að koma og sjá hvað unga fólkið okkar er að fást við.

Fyrir þá sem vilja spjalla um bækur þá hefst leshringur bókasafnsins fimmtudaginn 2. október og fyrsta bók vetrarins verður „Uppvöxtur Litla trés“ eftir Forrest Carter, allir velkomnir og við hittumst í lessal bókasafnsins kl. 17:15. Leslisti bókaklúbbsins verður birtur fljótlega á Facebook-síðu safnsins og þar eru alltaf allar helstu fréttir af starfinu og hægt að senda skilaboð ef þið hafið einhverjar skemmtilegar hugmyndir sem þið viljið koma á framfæri varðandi starfsemi bókasafnsins okkar allra.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
**Ritstjóri:** Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
**Auglýsingar:** Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

*Nafn ég ber af mætri mey, á mörk þó lendi.*
*Fer til vinu úr vinarhendi,*
*víða strákum hlýðni kenndi.*

*Svar við gátu í blaði 2565: LOFT.*
*1. lína: Stofuloft - 2. lína: Andrúmsloft*
*3. lína: Yfirlætisloft*


— Eigendur Norðurs á Akureyri —

# Tryggingar sem henta þínu fyrirtæki

Nánar á **sjova.is**

— Bændur í Reykholtsdal í Borgarfirði —

— Loðnuvinnslan —

# ATVINNA

## Starfsmaður óskast

Upplýsingar á staðnum

**Hjólbarðaþjónusta Magnúsar**

HM

Gagnheiði 25 · Selfossi



Menntaskólinn Laugarvatni

## Afleysingar

### Fjármálastóri Menntaskólans að Laugarvatni og gjaldkeri / bókari mötuneytis ML

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Almennt bókhald
- Viðskiptabókhald
- Launabókhald
- Innheimta og greiðsla reikninga
- Reglulegt uppgjör sjóða
- Gerð árlegra fjárhagsáætlana
- Gerð ársreikninga
- Eftirlit og skoðun á rekstraryfirliti
- Sinnir samstarfi og samskiptum við Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun
- Ber ábyrgð á eignaskrá
- Náið samstarf og samráð við skólameistara
- Samskipti við nemendur og forráðamenn þeirra varðandi innheimtu og reikningsskil

**Hæfnikröfur:**

- Menntun og reynsla sem nýtast í starfinu er skilyrði
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á framsetningu efnis í töluðu og rituðu máli á íslensku

**Frekari upplýsingar um starfið:**

Reynsla af bókhaldi og fjármálastjórn er mikill kostur.
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum.
Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun
starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Um er að ræða tímabilið 1. des. 2020 - 31. okt. 2021

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 16. október 2020

Nánari upplýsingar veitir skólameistari,
Jóna Katrín Hilmarsdóttir, jonak@ml.is, sími 480 8800

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf og sendar á tölvupóstfang skólameistara; jonak@ml.is


# Ævisögur eru farnar að vekja forvitni mína

## - segir lestrarhesturinn Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir er uppalin á Selfossi en hefur síðustu tólf árin verið búsett í Hveragerði ásamt strákunum hennar þremur. Hún er með BA gráðu í guðfræði, kennsluréttindi og lauk verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun síðasta vetur. Jóhanna starfar sem verkefnastjóri fræðslustarfs og samfélagsmiðla í Selfosskirkju og varð nýlega bæjarfulltrúi Frálsra með Framsókn í Hveragerði.

**Hvaða bók ertu að lesa núna?**

Þær bækur sem ég er að lesa núna eru allar tengdar vinnu minni í Selfosskirkju. Ég er því mikið að vinna með biblíusögur og ritningarvers. Bókina *Salt og hunang* eftir Petrínu Mjöll Jóhannesdóttur hef ég bæði notað fyrir mig persónulega og í vinnunni. Í þessari bók má finna íhuganir út frá biblíuversum fyir hvern dag ársins. Eins nota ég biblíuappið talsvert þessa dagana.

**Hvers konar bækur höfða helst til þín?**

Skáldsögur eru þær bækur sem vekja fyrst og fremst áhuga minn. Skáldsögur sem eru skrifaðar í sögulegu samhengi heilla mest því þær bregða upp mynd af þeim tíma sem unnið er út frá. Mér finnst áhugavert að lesa um hvernig lífið var. Það er margt sem við getum lært af sögunni og þó skáldsögur séu ekki alltaf sagnfræðilega réttar þá getum við ímyndað okkur hvernig lífið og tilveran var eða reynt að setja okkur í spor annarra.

**Eru einhverjar barnabækur í meira uppáhaldi en aðrar?**

Þær barnabækur sem koma upp í hugann eru: *Millý Mollý Mandý*, *Heiða*, *Trúfastur vinur* og svo auðvitað *Bjarkarbækurnar*. Það var annað hvort lesið í Vallholtinu eða í Björk hjá ömmu og afa.

**Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?**

Lesturinn minn kemur í skorpum. Mér finnst mjög notalegt að hafa bók á náttborðinu og lesa áður en ég fer að sofa. Það er góð leið til að tæma hugann frá því sem maður var að fást við yfir daginn en það fer töluvert eftir því hvað er í gangi hverju sinni hvort ég sé með bók til að lesa. Sundum er ég með nokkrar í gangi á sama tíma eins og síðasta vetur var ég í námi og þá voru námsbækurnar það eina sem komst að.

**Áttu þér einhvern uppáhaldshöfund?**

Ég er skorpumanneskja þegar um lestur er að ræða og það gildir það sama um höfunda. Í sálfræðitímum í Fjölbrautaskóla Suðurlands hér um árið vorum við látin lesa bókina *Ást og skugga* eftir Isabelle Allende. Sú saga heillaði mig mikið og vakti áhuga minn á höfundinum í framhaldinu og las ég flest allt sem hægt var að lesa eftir hana. Þar sem ég er farin að rifja upp árin í FSu var önnur skáldsaga sem hafði mikil áhrif á mig og það var bókinn *Hundrað ára einsemd* eftir Gabríel García Marques. Þetta eru bækur sem ég þarf að dusta rykið af og lesa aftur. Næst langar mig að nefna Kristínu Marju Baldursdóttur en bækur hennar um Karitas eru algjör meistaraverk. Saga ungrar konu í upphafi 20. aldarinnar sem er svo vel skrifuð að líf Karítasar er næstum áþreifanlegt. Annar höfundur sem mig langar að nefna er Kristin Hannah en bókin hennar *Næturgalinn* er líklega einhver fallegasta bók sem ég hef lesið og endurspeglar það sem mér þykir hvað skemmtilegast við

lestur bóka en það er reynsluheimur persónanna í sögulegu samhengi. Það er ekki daglegt brauð að gráta við lestur bóka en Næturgalinn vakti þau viðbrögð hjá mér. Þetta er sú bók sem ég hef hvatt flesta til að lesa. Ég hef einnig lesið bókina *Wintergarden* eftir sama höfund og ætla að nota tækifærið og hvetja þýðendur til að færa bækur eftir Kristinu Hannah yfir á íslensku. Svo fékk ég æði fyrir því einn daginn að lesa allar sögurnar hennar Camillu Läckberg. Það var skemmtilegt tímabil.

**Hefur bók rænt þig svefni?**

Já, heldur betur, bækurnar sem ég fékk í jólagjöf sem barn. Mér fannst alltaf gaman að fá bækur í jólagjöf og las fram eftir nóttu til að klára.

**En að lokum Jóhanna, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?**

Ég hef nú ekki beint séð mig fyrir sem rithöfund en ætli það væri ekki fín áskorun að skrifa ævisögu einhvers sem mér finnst hafa áhugaverða sögu að segja. Ævisögurnar eru einmitt farnar að vekja forvitni mína. Ætli það sé ekki bókaflokkur sem ég tek næst fyrir.

*Lestrarhestur númer 101.*
*Umsjón Jón Özur Snorrason.*

# Gróðureldur út frá sorpbrennu í Tjarnabyggð

Föstudaginn 25. september sl. var slökkvilið hjá Brunavörnum Árnessýslu ræst út vegna gróðurelds í Tjarnabyggð í Árborg. Slökkviliðsmenn frá Selfosseiningu Brunavarna Árnessýslu brugðust við útkallinu og réðu þeir niðurlögum eldsins. Nokkur útbreiðsluhætta var á svæðinu en lítill vindur auðveldaði slökkviliðsmönnum þó störfin á vettvangi með tilliti til útbreiðslu.

**Sorpbrenna valdur að eldinum**

Menn voru að brenna sorp með þeim afleiðingum að eldur læsti sig í gróður. Rétt er að taka fram að brennsla á sorpi utandyra er með öllu óheimil. Sorpi ber að farga á viðeigandi sorpmóttökustöðvum. *-gpp*

# Bókaðu þægilegri bankaþjónustu

Með því að bóka tíma losnar þú við biðina í útibúinu, hvort sem erindið snýst um ráðgjöf eða aðra þjónustu.

Þú byrjar á að fara á **arionbanki.is/bokafund** og panta símtal. Við hringjum svo í þig og finnum tíma sem hentar.

Markmiðið er alltaf að bankaþjónustan sé eins þægileg og hægt er.

arionbanki.is

# Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

## Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

## Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á *www.sass.is*

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
**ÞRIÐJUDAGINN 6. OKTÓBER, KL. 16:00**

**RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND**
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

**STYRKIR@SASS.IS** **S. 480-8200** **WWW.SASS.IS**

Uppbyggingarsjóður er hluti af
SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

## F4x4 Suðurlandsdeild

### Aðalfundur

Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 6. okt. nk. kl. 20:00 í Karlakórsheimilinu á Selfossi.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf

P.S. 1 metra reglan verður virt eins og staðan er í dag. Grímur verða á staðnum ef fólk vill.

*Stjórnin*

# Fréttir af Flóamannabók og Kótelettukvöldi

Góðu fréttirnar eru þær að Flóamannabók kemur út vonandi á jólaföstunni, eru það tvær bækur um Hraungerðishreppinn í máli og myndum. Bækur sem verða uppflettirit allra Flóamanna næstu hálfa öldina. Hver bær fær sína sögu og ennfremur þær fjölskyldur, bændur og búalið sem þar hafa búið síðustu 220 árin. Bækurnar verða prýddar þúsundum mynda af fólkinu sem þar býr og bjó. Síðan verður hafist handa við að skrifa sögu Villingaholts- og Gaulverjabæjarhreppa. En það er Jón M. Ívarsson sagnfræðingur frá Vorsabæjarhóli sem ritar söguna. Þegar hafa hátt í fjögur hundruð manns gerst áskrifendur að bókinni fyrir sanngjarnt verð. Ég hvet þá sem ekki hafa gerst kaupendur að gera það strax á hinu hagstæða verði kr. 20 þús. Sendið inn beiðni á Sigmund Stefánsson, netfang: sigmundurstef(hja)gmail.com s. 898 6476, eða Jón M. Ívarsson netfang: jonmivars(hja)gmail.com sími. 861 6678.

Vondu fréttirnar eru þær að árlegt kótelettukvöld í Þingborg sem vera átti á vetrardaginn fyrsta fellur niður vegna covid-pestarinnar. En þessi kvöld hafa fest sig í sessi, þjappað saman fólki og veitt útgáfunni mikinn fjárhagslegan stuðning. Koma tímar og koma ráð og aftur kemur haust í Flóann. Við bíðum betri tíma og næsta haust þá gjalla lúðrar og vonandi verður þá blásið til kótelettukvölds í Þingborg.

*Bestu kveðjur,*
*Guðni Ágústsson*

# Forseti Íslands opnar Norðrið í Listasafni Árnesinga

Forseti Íslands opnaði sýninguna Norðrið formlega. Í ræðu sinni hvatti hann listafólk og þá sem vinna í menningargeiranum sérstaklega að gefast ekki upp. Hann tók sjálfan sig sem dæmi þar sem hann hefði ekki getað haldið ræðu blaðalaust fyrir 4 árum, sem hann gerði einmitt í Listasafninu. Eftir skemmtilega ræðu gekk hann um safnið með safnstjóranum Kristínu Scheving og sýningarstjóra sýningarinnar Daríu Sól Andrews. Á meðal gesta var einnig sendiherra Finnlands á Íslandi, Ann-Sofie Stude.

Með sýningunni var gefin út falleg sýningarskrá og einnig er nú hægt að hlusta á hlaðvarp um verkefnið sem finna má á heimasíðu safnins og á samfélagsmiðlum.

Þess má geta að safnið hefur aukið við vetraropnunartímann, nú er safnið opið alla daga nema mánudaga frá kl. 12 - 17 og sýningunni lýkur 20. des.

# Ályktun kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi

*Eyrarbakka 26. september 2020*

Kjördæmisráð Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi krefst þess að ríkisstjórnin dreifi byrðunum þannig að þeir sem misst hafa vinnuna beri ekki mestan kostnað í heimsfaraldri. Heimilin búa við rekstrarvanda líkt og fyrirtæki sem tekið hafa skellinn.

### Atvinnuleysi

Atvinnuleysi á Suðurnesjum mælist nú 18% og 7,5% á Suðurlandi með tilheyrandi tekjufalli heimila og sveitarfélaga. Kjördæmisráðið krefst þess að allir þeir sem misst hafa vinnuna vegna covid-19 fái 6 mánaða tekjutengdar atvinnuleysisbætur og horfið verði frá því óréttlæti að skilja þá eftir sem misstu vinnuna í upphafi faraldursins.

Þá er mikilvægt að ríkið í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki komi af stað atvinnuskapandi átaksverkefnum fyrir atvinnuleitendur þar til atvinnulífið hefur náð sér á strik.

### Sveitarfélög

Nauðsynlegt er að ríkisvaldið styrki jöfnunarsjóð sveitarfélaga og bregðist við lægri útsvarstekjum með mótframlögum þannig að sveitarfélög geti sinnt lögbundinni þjónustu við börn og fatlaða einstaklinga ásamt annarri nærþjónustu við íbúa. Aðgerðarleysi stjórnvalda sýnir ekki aðeins áhugaleysi á stöðu þeirra sem þurfa á þjónustu sveitarfélaga að halda heldur undirstrikar arfaslæma byggðastefnu.

### Heilbrigðisstofnanir

Heilbrigðisstofnanirnar í Suðurkjördæmi, bæði Suðurnesja og Suðurlands eru fjársveltar og hafa ekki fengið fjárframlög í takti við fólksfjölgun í kjördæminu. Heilsugæsla fyrir alla hlýtur að vera sjálfsögð í velferðarríki vilji það standa undir því nafni. Einnig er mikilvægt að tryggja öruggt sjúkraflug til Vestmannaeyja og Hafnar.

### Nýsköpun, menntun og umhverfismál

Ferðaþjónustan í Suðurkjördæmi hefur orðið fyrir miklu höggi. Leggja verður höfuðáherslu á sköpun atvinnutækifæra bæði fyrir karla og konur með nýsköpun og menntun. Menntunartækifæri verða að vera aðgengileg svo fólk fái tækifæri til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Íslenskukennsla atvinnulausra innflytjenda er þar á meðal.

Aukin grænmetisframleiðsla og skógrækt til að vinna gegn loftslagsvá af mannavöldum, er eitt af yfirlýstum markmiðum stjórnvalda. Forsenda þess að nálgast það markmið er stóraukin starfsmenntun á sviði umhverfis og garðyrkju og stuðningur við nýsköpun og vöxt. Stofna þarf sérstakan starfsmenntaskóla á framhaldsskólastigi að Reykjum í Ölfusi og stórefla starfsmenntun í samvinnu við fagfélög og fyrirtæki.

### Hagkvæmar fjárfestingar

Margar brýnar og hagkvæmar fjárfestingar bíða fjármögnunar í kjördæminu hvort sem er fjárfestingar í menntun, velferð, samgöngum eða annarri uppbyggingu. Nefna má dæmi um ýmis viðhaldsverkefni á vegum ríkisins, lagfæringar á innsiglingu við Þorlákshöfn, sjóvarnargarð við Njarðvíkurhöfn, hjúkrunar- og dvalarrými fyrir aldraða og samgöngubætur sem má flýta til að skapa störf strax. Tryggja verður reglulegar samgöngur til Vestmannaeyja og eyða óboðlegri óvissu í þeim efnum.

**Kjördæmisráð Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi krefst aðgerða strax sem skapa atvinnutækifæri og græna uppbyggingu á sama tíma og staðinn er vörður um velferðina og heimilin.**

**82%**
Sunnlendinga
lesa Dagskrána í hverri viku

*Samkvæmt skoðanakönnun Gallups á tímabilinu okt. - des. 2018.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingar í s. 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.

## Á einhver mynd af landgræðsluflugvél á Landbúnaðarsýningu á Selfossi 1978?

Við Páll Halldórsson flugstjóri erum að rita sögu landgræðsluflugs á Íslandi með minni flugvélum á árunum 1958 til 1992. Við höfum safnað um 200 ljósmyndum tengdum þessu merka starfi, en okkur bráðvantar mynd frá landbúnaðarsýningunni sem haldin var á Selfossi í fyrri hluta ágústmánaðar 1978.

Landgræðslan vildi kynna landgræðsluflugið og nýtingu flugvélanna til að bæta landkosti með áburðargjöf. Pétur Steinþórsson flugstjóri flaug TF-TUN, lenti undir lögreglu-vernd á Austurvegi rétt austan við Mjólkurbúið og ók svo inn að sýningarsvæðinu. Að sýningunni lokinni ók Hafsteinn Heiðarsson flugstjóri flugvélinni til baka út á hringveginn og tók þar á loft.

Ef þið eigið ljósmynd eða kvikmynd af því þegar flugvélin var að lenda eða að taka á loft, þá sendið undirrituðum endilega línu á netfangið sveinnrun@gmail.com eða hringið í síma 893 0830. Eins ef þið eigið myndir sem tengjast landgræðslufluginu, þá væri okkur mikill akkur í að fá þær lánaðar.

*Sveinn Runólfsson,*
*fyrrverandi landgræðslustjóri*

## Freyvangur 6 hlýtur umhverfisverðlaun Rangárþings ytra 2020

Árlega veitir Umhverfisnefnd Rangárþings ytra umhverfisverðlaun að undangengnum tilnefningum frá íbúum sveitarfélagsins. Þar er leitast eftir stöðum sem þykja til fyrirmyndar og eru öðrum hvatning að fallegu umhverfi. Fjölmargar tilnefningar bárust en það var Freyvangur 6 sem þótti skara fram úr í ár enda hafa eigendur þar tekið allt umhverfið í gegn svo um munar síðastliðin tvö ár. Við Freyvang 6 búa Þórhallur Svavarsson og Agnes Ólöf Thorarensen ásamt dætrum sínum þremur og hundinum Loka. Það var Hjalti Tómasson formaður Umhverfisnefndar sem veitti viðurkenninguna í ár.

***Agnes Ólöf Thorarensen og Þórhallur Svavarsson ásamt Hjalta Tómassyni formanni Umhverfisnefndar.***

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is

## Dagný Guðmundsdóttir sýnir í Gallery Stokki á Stokkseyri

*Sýningin verður opnuð laugardaginn 3. okt. kl. 13.*

**Svo Græn!**

Um sýninguna sem Dagný kallar *Svo grænt!* segir hún: „Ég hófst handa í mikilli gleði þegar ég byrjaði að rækta á Skyggnissteini. Gerði allt sem mér datt í hug. Prófaði mig áfram, horfði, gerði tilraunir, lærði. Blandaði saman og reyndi að finna út áhrifin sem það hafði. Fylgdist með hvernig náttúran hagar sér. Nýtti allt sem einhver möguleiki var á. Gamalt dót var endurnýjað eða fékk nýtt hlutverk. Reyndi að skynja tenginguna milli alls. Þetta var mín sköpun.

Viðfangsefni innsetningarinnar er Skyggnissteinn og umhverfi hans. Nálgunin er líka sú sama: Gera tilraunir, leika sér, tengja saman, nýta allt. Hafa gaman.“

Arnhildur Lilý Karlsdóttir samdi textana.

Dagný og Inga Jónsdóttir settu sýninguna upp.

Sýningin verður opin milli kl. 13 og 17 föstudaga, laugardaga og sunnudaga til 24. október. Verið velkomin. Við skulum öll fara eftir tilmælum um sóttvarnir.

Dagný lauk prófi frá Myndlistar- og handíðaskóla Íslands 1997 og stundar nú vistrækt á Skyggnissteini í Bláskógabyggð.

## Fjallgöngur í Fjölbraut

Á þessari önn vill svo til að tveir mismunandi fjallgönguáfangar eru kenndir. Annar áfanginn hefur nú þegar lokið sínum göngum, einni göngu á Ingólfsfjall og annarri þar sem gengið var yfir Fimmvörðuháls. Hinn áfanginn fer í nokkrar stuttar fjallgöngur. Búið er að ganga á Mosfell í Grímsnesi og að Kambagati fyrir ofan Hveragerði. Næst verður gengið á Ingólfsfjall frá Alviðru og þar á eftir á Hátind í Grafningi. Að lokum verður svo gengið um Reykjadal og Ölkelduháls.

EKKI DETTA ÚR SAMBANDI!
Rafmagnsleysi getur valdið stórtjóni

Eins og dæmin sanna geta bæði fyrirtæki og einstaklingar, ekki síst bændur, orðið fyrir stórtjóni þegar rafmagn dettur út vegna veðurs og náttúruhamfara. Við eigum varaaflstöðvar fyrir allar aðstæður.

*Hafðu samband í tæka tíð!*

JOHAN RÖNNING

REYKJAVÍK Klettagörðum 25 Sími 5 200 800
SELFOSSI Eyravegi 67 Sími 4 800 600
AKUREYRI Draupnisgötu 2 Sími 4 600 800
REYÐARFIRÐI Nesbraut 9 Sími 4 702 020
REYKJANESBÆ Hafnargötu 52 Sími 4 207 200
HAFNARFIRÐI Bæjarhrauni 12 Sími 5 200 800
GRUNDARTANGA Mýrarholtsvegi 2 Sími 5 200 830

# íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

*Atli Ævar skoraði fimm mörk af línunni í leiknum. Ljósmynd: Sunnlenska.is/GKS*

# Tap í Mosfellsbænum

**HANDBOLTI** Selfyssingar töpuðu gegn Aftureldingu með tveimur mörkum þegar liðin mættust í Olísdeildinni í Mosfellsbæ á fimmtudagskvöldið.

Jafnræði var á með liðunum fyrstu mínúturnar en síðan tóku Mosfellingar við sér og náðu mest 5 marka forskoti í fyrri hálfleik, staðan í hálfleik var 14-12.

Selfyssingar eltu allan seinni hálfleikinn, þeir náðu að jafna 16-16 og um miðjan seinni hálfleikinn var staðan 19-19. Selfossliðinu gekk hins vegar illa í sókninni á lokakaflanum og urðu lokatölur 26-24.

Mörk Selfoss: Guðmundur Hólmar Helgason 7, Atli Ævar Ingólfsson 5, Guðjón Baldur Ómarsson 4, Nökkvi Dan Elliðason 3, Einar Sverrisson og Tryggvi Þórisson 2 og Hannes Höskuldsson 1. Varin skot: Vilius Rasimas 17 (39%).

Næsti leikur strákanna er gegn FH í Hleðsluhöllinni, föstudaginn 2. október kl. 19:30. *-esó*

# Skin og skúrir í Safamýrinni

**HANDBOLTI** Selfyssingar léku tvo leiki í Safamýrinni um helgina. Stelpurnar töpuðu fyrir sterku liði Fram U þegar liðin mættust í annarri umferð Grill 66-deildar kvenna. Lokatölur urðu 36-24. Ungmennalið Selfoss gerði hins vegar góða ferð í Safamýrina og náði í tvö stig með frábærum sigri á Fram U í Grill 66 deild karla, 27-31.

*Gunnar Flosi og Ísak gengu glaðir af velli í leikslok. Ljósmynd af fésbókarsíðunni Selfoss handbolti.*

### Við ofurefli að etja hjá stelpunum

Jafnræði var á með liðunum í fyrri hálfleik þó að Framarar hafi ávallt verið skrefi á undan. Staðan í hálfleik var 15-13. Framstelpur byrjuðu seinni hálfleik betur og juku hægt og rólega forskot sitt í tíu mörk. Selfyssingar áttu engin svör við sterku liði Fram og lokatölur voru 36-24.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurrós Traustadóttir og Lara Zidek 7, Ivana Raickovic 4, Elín Krista Sigurðardóttir 3, Katla Björg Ómarsdóttir 2 og Ragnheiður Grímsdóttir 1. Varin skot: Henriette Östergaard 12 (34%) og Lena Ósk Jónsdóttir 2 (13%).

Næsti leikur hjá stelpunum er gegn Fjölni/Fylki, sunnudaginn 11. október kl. 19:30 í Hleðsluhöllinni.

### Kraftur í strákunum

Strákarnir byrjuðu leikinn gegn Fram af krafti og komust fljótt í fimm marka forystu. Heimamenn náðu að saxa á forskotið og munaði aðeins þremur mörkum í hálfleik, 13-16. Fram byrjaði seinni hálfleik betur og náðu fljótt að jafna leikinn í 20-20. Við tók kafli þar sem jafnræði var á með liðunum en Selfyssingar voru sterkari undir lokin og sigruðu að lokum með fjórum mörkum, 27-31.

Mörk Selfoss: Tryggvi Þórisson 8, Guðjón Baldur Ómarsson 7/3, Ísak Gústafsson 5, Gunnar Flosi Grétarsson og Andri Dagur Ófeigsson 4 og Arnór Logi Hákonarson 3. Varin skot: Alexander Hrafnkelsson 13 (33%).

Næsti leikur hjá U-liðinu er heimaleikur gegn Fjölni, sunnudaginn 4. október kl. 19:30. *-esó*

*Hamar/Hrunamenn, 9. flokkur karla.*

## *Íslandsmót hjá 9. flokki karla*

# Hamar/Hrunamenn unnu sér sæti í A-riðli

**KÖRFUBOLTI** Helgina 18.-20. september lögðu 9. flokks strákarnir í liðinu „Hamar/Hrunamenn“ land undir fót og skelltu sér í höfuðstað Norðurlands. Mikil tilhlökkun var í hópnum enda fyrsta mót vetrarins framundan og spiluðu strákarnir í B-riðli þar sem 6-10 sterkustu lið landsins spila og því ljóst að um erfiða leiki yrði að ræða. Fyrsta markmið helgarinnar var að halda sér í riðlinum og nýta þá reynslu sem kæmi um helgina til frekari verka í vetur. Nokkur fjöldi foreldra kom með í ferðina og var lagt af stað um miðjan dag á föstudegi. Fyrsti leikur var svo snemma á laugardagsmorgun gegn Grindavík. Leikurinn var nokkuð jafn allan tíman þó voru okkar drengir aðeins á undan stærstan hluta leiksins, lokatölur voru 57:48 okkar mönnum í vil. Næsti leikur var um hádegisbil á laugardag og andstæðingurinn var gamla stórveldið úr Reykjavík, Ármann. Það lið hefur verið á meðal fimm bestu liða undanfarin tvö ár og því ljóst að erfiður leikur var fram undan. Drengirnir af Suðurlandinu mættu samt sem áður vel gíraðir í leikinn og tóku forystu strax á upphafsmínútum og litu aldrei í baksýnisspegilinn, lokatölur 75:50 og áframhaldandi sæti í B-riðli tryggt. Leikjum laugardagsins var því lokið og við tók pizzahlaðborð, sundferð og bíósýning. Allir í gírnum og þjálfarinn gjörsamlega bugaður og byrjaður að dotta um áttaleytið. Ró komst þó á liðið á skikkanlegum tíma og var allt komið í ró um ellefuleytið og því náðu drengirnir góðri hvíld fyrir leiki sunnudagsins. Fyrri leikur seinni dags mótsins var gegn heimamönnum sem hafa á að skipa stórum og sterkum strákum sem létu vel finna fyrir sér, okkar menn stóðust þó prófið og unnu nokkuð öruggan sigur 63:56. Við tók því hreinn úrslitaleikur við Stjörnuna B sem voru nýkomnir úr A-riðli og ljóst að spennustigið yrði nokkuð hátt í þeim leik. Drengirnir byrjuðu vel og leiddu allan leikinn. Á loka mínútunum hleyptu þeir þó óþarfa spennu í leikinn með því að klikka á tveimur vítum og tapa boltanum. Sigur vannst þó 53:51 og okkar menn á leið í A-riðil og á næsta mót. Það verður án vafa mun erfiðara en þó við hæfi að leyfa drengjunum aðeins að njóta.

### Stigahæstu leikmenn

Lúkas Aron Stefánsson 47 stig, Tristan Máni Morthens 60 stig, Birkir Máni Daðason 67 stig.

# Viltu vinna við handbolta á Selfossi?

**HANDBOLTI** Starf framkvæmdastjóra handknattleiksdeildar Umf. Selfoss er laust til umsóknar og er um að ræða hálft starf hjá einni öflugustu handknattleiksdeild landsins.

Umsóknarfrestur er til 8. október nk. en umsóknum ásamt ferilskrá skal skila í tölvupósti á netfangið handbolti@umfs.is. Nánari upplýsingar veitir formaður deildarinnar, Þórir Haraldsson, í síma 664 1890 eða thorir64@gmail.com.

# Stúdíó Sport-hlaupið 1. maí 2021

Hlaupahópurinn Frískir Flóamenn hefur gert nýjan samstarfssamning við verslunina Stúdíó Sport, Austurvegi 11, Selfossi um nýtt keppnishlaup, Stúdíó Sport-hlaupið, sem haldið verður 1. Maí ár hvert, í fyrsta sinn laugardaginn 1. maí 2021. Í boði verða 5 og 10 km vegalengdir auk skemmtiskokks/krakkahlaups.

Skrifað var undir samninginn í anddyri Sundhallar Selfoss, fyrir hlaupaæfingu fimmtudaginn 24. september sl. en hlaupaæfingar eru alla þriðjudaga og fimmtudaga frá Sundhöll Selfoss kl. 17:15 og á laugardögum kl. 10. Æfingar eru öllum opnar og án gjalds. Hvetjum alla áhugasama til að vera duglegir að æfa sig í vetur og stefna að þátttöku í nýju hlaupi næsta vor og að sjálfsögðu eru allir velkomnir á hlaupaæfingar.

*Undirritun fyrir hönd stjórnar FF, Aðalbjörg Skúladóttir, formaður og fyrir hönd Stúdíó Sport, Linda Rós Jóhannesdóttir.*

# Símon Gestur setti Íslandsmet

**LYFTINGAR** Haustmót Lyftingasambands Íslands var haldið með pompi og prakt hjá Lyftinganefnd Umf. Selfoss í húsnæði Crossfit Selfoss á laugardag. Vegna Covid-19 var mótið haldið með öðru sniði en vanalega og fórst Selfyssingum það afar vel úr hendi. Haustmót LSÍ er Sinclair-stigamót og gefin eru verðlaun fyrir þrjú hæstu Sinclair-stigin í karla- og kvennaflokki.

Áhugi á ólympískum lyftingum hefur aukist gríðarlega í Árborg á seinustu misserum og alls voru ellefu keppendur sem tóku þátt frá Umf. Selfoss og þar af tveir á palli. Örn Davíðsson varð annar í karlaflokki og Símon Gestur Ragnarsson þriðji en auk þess setti hann nýtt Íslandsmet í aldursflokknum U23 þegar hann snaraði 121 kg.

*Örn (t.v.) og Símon Gestur (t.h.) á verðlaunapalli um helgina. Ljósmynd: LSÍ*

Öll úrslit mótsins má finna á vef Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

# Hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni lokað innan 2ja ára

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum að rekstri hjólhýsasvæðis við Laugarvatn verði hætt. Ákvörðunin er tekin vegna þess að öryggi fólks á svæðinu er verulega ábótavant, komi þar upp eldur. Í bréfi lögreglustjórans á Suðurlandi og slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnessýslu frá því í maí kemur fram að ástandið á svæðinu með tilliti til brunavarna og öryggis fólks sé með öllu óviðunandi. Í bréfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá því í ágúst kemur fram að það sé á ábyrgð eiganda eða rekstraraðila að tryggja fullnægjandi aðgerðir gegn eldsvoða.

Sveitarstjórn telur sér ekki fært að leggja fjármagn í þá uppbyggingu svæðisins, sem til þyrfti að koma til að ástandið yrði viðunandi. Ljóst er að sveitarfélagið yrði að leggja í verulegan kostnað til að koma öryggismálum á svæðinu í viðunandi horf, svo sem með öflugri vatnslögn inn á svæðið fyrir slökkvivatn og uppsetningu brunahana og gerð flóttaleiða. Deiliskipuleggja þyrfti svæðið og gera hluta leigutaka að víkja af svæðinu, til að virða fjarlægðarmörk milli eininga, og fjarlægja talsvert af byggingum. Þá liggur fyrir beiðni um frekari uppbyggingu hreinlætisaðstöðu, auk þess sem þyrfti að bæta úr fráveitumálum.

*Að mati viðbragðsaðila eru brunavarnamál og öryggi fólks á svæðinu með öllu óviðunandi.*

Fyrirkomulag rekstrar hefur verið þannig að svæðið er á landi sveitarfélagsins og á það götur, lagnir og hreinlætisaðstöðu á svæðinu. Samningar hafa verið gerðir á milli sveitarfélagsins og fyrirtækis sem annast rekstur svæðisins og á milli rekstraraðila og einstaka leigutaka. Samningar við leigutaka eru gerðir til 2ja ára í senn og er misjafnt hversu langt er þar til þeir renna út. Samþykkt sveitarstjórnar er á þá leið að gildandi samningar við leigutaka verði ekki endurnýjaðir þegar þeir renna út og verða því engir samningar ígildi að tveimur árum liðnum.

Rekstur hjólhýsasvæðis við Laugarvatn á sér hátt í 50 ára sögu og hafa margar fjölskyldur notið dvalar þar. Regluverk hvað varðar skipulag slíkra svæða og brunavarnir hefur breyst á þeim tíma og eru nú gerðar meiri kröfur til slíkra þátta. Þar sem ekki er unnt að tryggja viðunandi brunavarnir og öryggi fólks nema ráðast í umtalsverðan kostnað verður starfseminni hætt, enda er ekki hægt að réttlæta að sveitarfélagið kosti slíka uppbyggingu.

RISAPRENTUN
A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR
prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
SÍMI 482 1944 | SELFOSS@PRENTMETODDI.IS

Vinnum saman!
UMF SELFOSS 1936

Handknattleiksdeild Umf. Selfoss og Stöð 2 Sport hafa tekið höndum saman. Með því að kaupa, eða uppfæra áskrift að Stöð 2 Sport styrkir þú handknattleiksdeild Selfoss. Forsenda fyrir því að viðskiptavinur getur styrkt sitt íþróttafélag er binding til 1. júní 2021. Handknattleiksdeild Selfoss fær 1.078 kr. á mánuði fyrir hverja selda áskrift á binditímanum.

Ferlið er einfalt. Þú ferð inn á stod2.is og velur hnappinn „Kaupa áskrift“. Þegar þangað er komið velur þú þinn áskriftapakka og Selfoss handbolti. Fyrir þá sem nú þegar eru með áskrift, sendið nafn, netfang og símanúmer í pósti á handbolti@umfs.is eða á Facebook!

# Starfsmenntun í garðyrkju

Það kemur ekkert annað til greina en að við breytum neysluvenjum okkar ef við ætlum að ná einhverjum árangri í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Neysluvenjur taka sem betur fer örum breytingum og ungt fólk gerir háværar kröfur um að við tökum okkur kröftuglega á í baráttunni við loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Til að eiga einhverja möguleika á því að ná árangri í þessu stærsta sameiginlega verkefni mannkyns, þarf vilja almennings til breytinga og pólitískan vilja og kjark stjórnmálamanna.

## Loftslagsáætlun

Í loftslagsáætlun stjórnvalda sem kynnt var í júlí í ár eru markmið um aukna innlenda grænmetisframleiðslu. Um það segir í áætluninni: „Aukin innlend grænmetisframleiðsla er sömuleiðis ný aðgerð sem miðar að því að auka framleiðslu á íslensku grænmeti um 25% á næstu þremur árum, styðja við lífræna grænmetisframleiðslu og stefna að því markmiði að íslensk garðyrkja verði kolefnishlutlaus eigi síðar en árið 2040.“

Athuganir sem gerðar hafa verið fyrir Samband garðyrkjubænda sýna að kolefnisspor íslensks grænmetis er allt niður í 26% af því sem innflutt grænmeti skilur eftir sig. Að meðaltali er um helmingsmunur á losun, íslenskri framleiðslu í hag. Þetta eitt sýnir að mikill umhverfisávinningur væri af aukinni innlendri framleiðslu á grænmeti.

Það er augljós hagur af því að ýta undir íslenska grænmetisframleiðslu. Það mætti gera með ýmsum hætti, s.s. með leiðum til að nýta jarðhitann betur, hvetja til nýsköpunar, styrkjum til kaupa á betri búnaði, sparneytnari lýsingu, að hækka gróðurhúsin sem fyrir eru svo afköstin verði meiri og gera styrki til raforkuflutninga markvissari. Hvetja þarf einnig unga bændur til að hefja framleiðslu með lagningu eins konar kynslóðabrúar frá þeim eldri til þeirra sem yngri eru.

## Menntun og nýsköpun

Mikil eftirspurn er eftir garðyrkjuafurðum nú þegar og brýn þörf fyrir fólk sem hefur verkþekkingu í ræktun og framleiðslu. Sú þörf mun fara vaxandi ef stjórnvöldum er alvara með loftslagsáætlun sinni. Lykillinn að árangri og því að markmið stjórnvalda náist með aukinni grænmetisframleiðslu og skógrækt er að starfsmenntun á sviði umhverfis og garðyrkju styðji við nýsköpun og vöxt.

Rík þörf er fyrir öfluga starfsmenntun sem er í nánum tengslum við atvinnulífið og fagstéttir. Besta lausnin í þeim efnum væri að stofna sérstakan starfsmenntaskóla á framhaldsskólastigi að Reykjum í Ölfusi sem byggði á gömlum merg og nýtti þann grunn til að stórefla starfsmenntunina. Það skref þurfa stjórnvöld að stíga meini þau í raun eitthvað með áætlunum sínum.

Nýsköpun á fagsviðunum er samofin fagmenntun. Með því að efla Garðyrkjuskólann með starfsmenntun sem þörf er fyrir og endur- og símenntun fyrir starfandi fólk í greinunum gætu stjórnvöld náð betri árangri í loftslagsmálum og mætt breyttum neysluvenjum almennings.

Sýnum kjark í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Nýtum styrkleika okkar og fjárfestum í starfsmenntun – það borgar sig.

*Oddný G. Harðardóttir,*
*þingmaður Samfylkingarinnar*
*í Suðurkjördæmi*

***Oddný G. Harðardóttir.***


## Leikskólastjóri / Aðstoðarleikskólastjóri / Sérkennslustjóri

Leikskólinn Brimver/Æskukot

Sveitarfélagið ÁRBORG

Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum stjórnendum með leikskólakennararéttindi og stjórnunarreynslu. Leikskólinn Brimver/Æskukot er fjögurra deilda leikskóli með starfsstöðvar á Eyrarbakka og Stokkseyri. Í sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Þá er áhersla lögð á snemmtæka íhlutun, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Skólinn vinnur eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og Grænfánans og unnið er að innleiðingu á heilsueflandi leikskóla. Ráðið verður í stöðurnar frá 1. janúar 2021 eða eftir samkomulagi.

### Leikskólastjóri

**Meginverkefni**
- Veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stýra og bera ábyrgð á daglegu starfi og rekstri skólans
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu sveitarfélagsins og aðalnámskrá leikskóla

**Menntun og færnikröfur**
- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða kennslu ungra barna er mikill kostur
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Frekari upplýsingar um störfin**
Nánari upplýsingar v/starfs leikskólastjóra veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, thorsteinnhj@arborg.is, sími 480 1900. Upplýsingar um starf aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra veitir Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri, brimver@arborg.is, sími 480 6352 og 480 3272.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/FSL. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Árborgar um að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 11. október 2020.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is/.

### Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri

**Meginverkefni**
- Staðgengill leikskólastjóra (30%) og ábyrgð á rekstri ásamt leikskólastjóra
- Dagleg stjórnun og skipulagning skólastarfsins í samráði við leikskólastjóra
- Faglegur umsjónarmaður sérkennslu og ráðgjöf til starfsmanna (70%)
- Uppeldi og menntun leikskólabarna
- Veita foreldrum/forráðamönnum barna stuðning, fræðslu og ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumörkun skólans ásamt stjórnunarteymi og öðru samstarfsfólki

**Menntun og færnikröfur**
- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða sérkennslufræðum er mikill kostur
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

# Að safna og sá birkifræi

Skógræktin hefur gefið út tvö stutt myndbönd með leiðbeiningum um hvernig fólk getur borið sig að við söfnun og sáningu á birkifræi. Almenningur getur lagt sitt af mörkum til að breiða út birkiskóglendi landsins á ný og til þess er hvatt í átaki sem Skógræktin og Landgræðslan standa fyrir á þessu hausti í samvinnu við almenning, félög og fyrirtæki.

Myndböndin tvö eru liður í því starfi Skógræktarinnar að gera fræðsluefni um skógrækt aðgengilegt öllum á einfaldan og skýran hátt. Á myndbandavef Skógræktarinnar sem er aðgengilegur á skogur.is er nú þegar að finna leiðbeiningar um hvernig tína má köngla af stafafuru og sá fræjum tegundarinnar beint í jörð á rýru landi. Þá er von á stuttum myndböndum um söfnun og sáningu grenifræja.

### Söfnun á birkifræi

Birkifræ er vel þroskað þegar auðvelt er að mylja fræreklana í sundur. Birkifræi er auðvelt að safna á haustin og í venjulegu árferði má búast við að fræið sé að ná fullum þroska um og upp úr miðjum septembermánuði. Fræinu má sá beint í jörð og ef rétt er staðið að sáningunni getur bein sáning verið auðveld leið til að koma birki í skóglaust land. En hvernig þekkir maður birkifræ og hvort það er tilbúið svo það megi tína? Í myndbandi Skógræktarinnar um söfnun birkifræs fer Hreinn Óskarsson, skógfræðingur og sviðsstjóri þjóðskógasviðs hjá Skógræktinni, yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar farið er út að safna birkifræi.

### Sáning á birkifræi

Hreinn hefur mikla reynslu af birkirækt á rofnu landi, meðal annars úr stærsta birkiskóggræðsluverkefni á Íslandi, Hekluskógaverkefninu. Ráðleggingar hans eru gott vegarnesti þeim sem vilja leggja sitt af mörkum til að útbreiða

birkiskóglendi á ný á Íslandi. Reynslan af beinni sáningu birkifræs er mjög misjöfn og því þarf að hafa ákveðin atriði í huga til að líklegt sé að fræið nái að spíra og upp vaxi birkiplöntur.

Ef rétt er staðið að sáningunni getur bein sáning verið auðveld leið til að koma birki í skóglaust land. Birki byrjar ungt að mynda fræ og sá sér út af sjálfsdáðum. En birkifræ er smátt og orkulítið fræ og verður að geta spírað á yfirborðinu. Fræið á því ekki að hylja með jarðvegi. Nauðsynlegt er hins vegar að það komist í set þar sem er nægur raki en ekki of mikil samkeppni frá öðrum gróðri. Hálfgróið land sem friðað er fyrir beit er einna vænlegast til beinnar sáningar á birkifræi. Gæta þarf þess að sá hvorki á algjörlega gróðurlausa bletti eða bletti með mjög þéttum eða hávöxnum gróðri. Í myndbandinu um sáningu birkifræs fer Hreinn yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar birkifræi er sáð beint í jörð.

### Breiðum út birkiskógana!

Verndun og útbreiðsla birkiskóga er eitt meginhlutverka Skógræktarinnar samkvæmt lögum. Átak til söfnunar og sáningar á birkifræi hófst formlega 16. september í samstarfi Skógræktarinnar og Landgræðslunnar við Prentmet Odda, Terra, Bónus, Lionshreyfinguna, Kópavogsbæ, Skógræktarfélag Íslands og Landvernd. Söfnunaröskjur úr pappa eru fáanlegar í Bónusverslunum og þar má einnig skila fræi ef fólk hyggst ekki sá því sjálft. Terra leggur til sérstakar tunnur sem settar hafa verið upp í verslunum Bónuss. Einnig má skila fræi á starfstöðvum Skógræktarinnar og Landgræðslunnar.

*Mynd frá starfssemi Krabbameinsfélags Árnessýslu.*

## *Krabbameinsfélag Árnessýslu:*
# Þakklæti til Bakhjarla!

Um miðjan ágúst síðastliðinn lagði Krabbameinsfélag Árnessýslu af stað í stórt og spennandi verkefni með það að markmiði að efla starfsemi, auka aðgengi og sýnileika félagsins auk þess að bjóða uppá enn fjölbreyttari þjónustu í heimabyggð. Leiðin að markmiðinu var að finna starfsemi félagsins hentugt húsnæði

Með ástríðuna og vonina að leiðarljósi hefur félagið verið á höttunum eftir styrkjum og stuðningi frá fyrirtækjum og félagasamtökum í heimabyggð til að geta staðið straum af þessu verkefni. Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning og mörg samskipti við forsvarsmenn stórra og smárra fyrirtækja átt sér stað. Allstaðar er beiðni okkar tekið einstaklega vel!

Það eru forréttindi að búa í samfélagi þar sem samhyggð og náungakærleikur er svo ríkjandi að starfsemi sem eingöngu er byggð á styrkjum og stuðningi fyrirtækja, samtaka og almennings er möguleg. Hugsjón okkar fyrir uppbyggingu á þjónustu og stuðningi við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra hafa drifið okkur af stað í samstarf með samfélaginu í heild.

Krabbameinsfélag Árnessýslu verður brátt aðgengilegra og sýnilegra, boðið verður uppá fasta opnunartíma í fallegri og notalegri aðstöðu sem félagið er að koma sér upp að Eyravegi 31. Aukin og fjölbreytt þjónusta, viðburðir og námskeið í heimabyggð. Markmið okkar er að hlúa að andlega og félagslega þættinum, vera til staðar fyrir hvert annað og takast á við fyrirsjáanlega og óvænta rússibana sem geta fylgt krabbameinsferlinu.

Við erum auðmjúk í þakklæti okkar til allra þeirra fyrirtækja sem hafa gerst Bakhjarlar okkar í þessu verkefni. Án ykkar stuðnings væri þetta ekki að gerast.

*F.h. Krabbameinsfélags Árnessýslu*
*Svanhildur Ólafsdóttir, formaður.*


Námskeið fyrir byggingamenn

**Hurðabúnaður**

Þetta námskeið er fyrir fagmenn sem annast uppsetningu og viðhald á hurðum og búnaði þeirra. Markmið þess er að auka þekkingu þátttakenda á þessu sviði.
Á námskeiðinu verður fjallað um ýmsar tegundir hurða og búnað sem fylgir þeim s.s. mismunandi láshús, sylendra, lamir, felliþröskulda, hurðardælur o.fl. Farið yfir hvað þarf að hafa í huga þegar kemur að viðhaldi og endurnýjun og innsýn veitt í hver munur er milli búnaðar frá hinum ýmsu framleiðendum m.t.t. staðla.

**Kennari:** Haldor G. Haldorsen sérfræðingur í hurðabúnaði.
**Staðsetning:** Austurvegur 56, Selfossi.
**Tími:** Fimmtudagur 8. október kl. 13.00 - 17.00.
**Verð:** 20.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **4.000 kr.**

**8. okt.**

**Nánari upplýsingar og skráning á idan.is og í síma 590 6400.**

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA www.fit.is
MFS MEISTARAFÉLAG SUÐURLANDS
IÐAN fræðslusetur

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## KIRKJUR

**Ertu spænskumælandi?**
Óska eftir spænskumælandi aðila til að koma, minnst sagt, mjög mikilvægum skilaboðum símleiðis til Spánar. Uppl. veitir Björgvin Ó. Ó. í síma 483 3568.

## BÍLAR

KLETTUR ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

## HEILSA

*Nudd – Svæðanudd*
*Dáleiðsla*
*Augnlestur og heilsuráðgjöf*
*Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum*
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
**Heiðar Ragnarsson**
**Sími 898 1501**

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun
Áttund
Jákvæðar hugsanir breyta deginum

*Ragnhildur Sigurðardóttir farsími 693 2197*
*Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.*

## KIRKJUR

**Skálholtsdómkirkja**
Messa kl. 11.00. Hallgrímsmessa með tónlist frá tímum sr. Hallgríms Péturssonar. Prestur sr. Magnús Björn Björnsson. Organisti Örn Magnússon. Kór Breiðholtskirkju syngur.

**Aðventistar**
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 3. okt. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Verið velkomin.

**Skarðskirkja**
Guðsþjónusta næsta sunnudag 4. okt. kl. 14.00. „Kaffisopi“ eftir athöfn.

**Selfosskirkja**
Guðsþjónusta sunnudaginn 4. októer kl. 11:00. Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur setur sr. Gunnar Jóhannesson inn í embætti. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár. Sóknarnefnd býður upp á kaffisopa eftir stundina.

Fjölskyldusamvera sameiginleg með Hveragerðisprestakalli kl. 13:00 í Hveragerðiskirkju. Brúðuleiksýningin Pétur og úlfurinn.

**Ólafsvallakirkja**
Guðsþjónusta sunnudaginn 4. okt. kl. 11. Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir djáknakandídat prédikar. Organisti er Þorbjörg Jóhannsdóttir. Allir velkomnir.

**Hrunakirkja**
Guðsþjónusta sunnudaginn 4. okt. kl. 14. Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir djáknakandídat prédikar. Organisti er Stefán Þorleifsson. Allir velkomnir.

**Hrepphólakirkja**
Kirkjuskóli laugardaginn 3. okt. kl. 11. Biblíusaga, Rebbi refur og mikill söngur! Allir velkomnir. Ath. Kyrrðarbæn í Hrepphólakirkju hefst fimmtudaginn 8. október kl. 20.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
Samkoma og sunnudagaskóli á sunnudögum kl. 11:00. English translation available. Bænastundir á þriðjudögum kl. 20. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is

**Hveragerðiskirkja**
Messa kl. 11. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar. Kl. 13: Leiksýningin Pétur og úlfurinn.

## TIL LEIGU

**Til leigu**
Í Hveragerði er til leigu snoturt herbergi með litlum eldhúskróki og baðherbergi. Herbergið er fullbúið húsgögnum. Unnt er að fá aðgengi að þvottavél. Sanngjörn leiga fyrir reglusaman einstakling. Allar upplýsingar eru veittar í síma 618 0498.

**Til leigu**
Íbúð á Selfossi tímabundið til leigu með húsgögnum gegn hluta af leigunni og að passa kettina. Upplýsingar í síma 761 1762.

## TAPAÐ / FUNDIÐ

**Töpuð myndavél**
Góðan dag, ég hef lengi ætlað að fá að auglýsa eftir myndavél sem hefur líklega runnið út úr bíl mínum á Selfossi eða í Hveragerði þegar ég var að fara þarna á milli. Myndavélin er í svörtu hulstri, silfurgrá á lit, nokkuð gömul. Sakna hennar mikið. Kv. Norma E. Samúelsdóttir, Hveragerði, sími 6908507 eða normaelisabet@gmail.com (það er líklega kominn mánuður síðan hún tapaðist). ; / takk.

**Hjálmur**
Reiðhjólahjálmur fannst við Subway á Selfossi. Eigandi getur nálgast hann í afgreiðslu Prentmet Odda á Selfossi.

# Ráðning skólastjóra í Stekkjaskóla í Árborg lokið

Hilmar Björgvinsson hefur verið ráðinn skólastjóri Stekkjaskóla í Árborg. Alls bárust 11 umsóknir um starfið en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Skólinn mun rísa í Bjarkarlandi árið 2021.

Hilmar er með M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana. Hann stundaði framhaldsnám í listum og handverki í Statens håndverks- og kunstindustriskole í Osló og er langt kominn með 30 ECTS diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri. Hann hefur verið aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs í Lindaskóla í Kópavogi frá 2013. Á árunum 2005-2013 var Hilmar skólastjóri Kerhólsskóla sem er leik- og grunnskóli í Grímsnes- og

Grafningshreppi. Skólinn hét áður Grunnskólinn Ljósaborg. Frá árunum 1987 til 2005 stundaði Hilmar ýmis kennslu- og stjórnunarstörf, kenndi m.a. í Sólvallaskóla og Vallaskóla á Selfossi.

# Samverur vegna makamissis

Í október verða fjórar samverur fyrir fólk sem misst hefur maka sinn. Samverurnar eru samstarfsverkefni Selfoss-, Eyrarbakka-, Hveragerðis- og Þorlákshafnarprestakalls og styrkt af Héraðssjóði.

Samverurnar eru öllum opnar, ekki þarf að skrá sig og ekki þarf að mæta á allar samverurnar.

**7. október kl. 20:00**
**í Selfosskirkju**
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson miðlar reynslu sinni af því að missa maka sinn undir yfirskriftinni: „Sorg, birta og von í sálmum og ljóðum.“

**15. október kl. 20:00**
**í Selfosskirkju**
K. Hulda Guðmundsdóttir frá Sorgarmiðstöð: „Að missa makann – hvað hjálpar?“

**21. og 28. október kl. 20:00**
**í Hveragerðiskirkju**
Samtal um sorg og sorgarviðbrögð vegna makamissis. Samtalið leiða prestarnir Guðbjörg og Ninna Sif.

# Síðasti þverboginn kominn á sinn stað

Það var létt yfir fólki þegar síðasti stálboginn í nýju fjölnota íþróttahúsi var kominn á sinn stað. Haldið var lauflétt samsæti eða reisugildi af því tilefni föstudaginn 25. september sl.

# Landvörður Íslands hlýtur Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti 2020

Kári Kristjánsson, stundum nefndur landvörður Íslands hlaut náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Fyrir tíu árum, á 20 ára afmæli umhverfisráðuneytisins, ákvað þáverandi umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, að efna til viðurkenningar til handa þeim sem unnið hefði markvert starf á sviði náttúruverndar. Viðurkenningin skyldi kennd við Sigríði Tómasdóttur í Brattholti til að heiðra minningu þeirrar merku baráttukonu og náttúruverndarsinna, en Sigríður var brautryðjandi og fyrirmynd í náttúruvernd á Íslandi þegar hún snemma á síðustu öld barðist af mikilli elju fyrir verndun Gullfoss.

Í umsögn ráðherra kemur meðal annars fram að Kári hafi hafið störf sem landvörður hjá Náttúruverndarráði árið 1989. Starf hans var að sýna fólki undur Íslands, upplýsa það og fræða. Allan 10. áratug síðustu aldar starfaði Kári sem landvörður á sumrin í Herðubreiðarlindum og Öskju og síðar í Hvannalindafriðlandi. Aldamótaárið 2000 var hann ráðinn í fullt starf sem aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfrum á vegum Náttúruverndar ríkisins, síðar Umhverfisstofnunar, og starfaði þar til ársins 2004, um helming þess tíma sem starfandi þjóðgarðsvörður. Árið 2004 þegar Lakagígar urðu hluti af stækkuðum Skaftafellsþjóðgarði var Kári ráðinn sem sérfræðingur á svæðinu. Kári varð starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs við stofnun hans árið 2008 og hefur starfað þar síðan. Landvarsla í orðsins víðustu merkingu hefur verið atvinna Kára í hartnær 30 ár en í starfi sínu hefur hann farið langt út fyrir það sem starfsskylda má teljast og ekki talið vinnustundirnar. Hann gjörþekkir hálendið, hefur gengið um það allt út og suður á sínum gúmmískóm. Vill ekki ganga á hörðum gönguskóm því að þeir geta farið svo illa með landið. Hann hefur þó aldrei gengið á Herðubreið því honum finnst óþarfi að hreykja sér svo hátt og standa á kolli vinkonu sinnar! Hann er snillingur í að segja frá landinu og smita fólk af virðingu fyrir því, bæði í orðum sínum og gjörðum. Djúpt innsæi og skilningur á náttúrunni, menningu og sögu einkennir Kára í störfum hans og hann er einstökum hæfileikum gæddur til að miðla þekkingu sinni til annarra. Hann er læs á land, menn, dýr og málefni. Kári hefur þróað aðferð til að flytja til gamburmosaþembur og koma þeim fyrir þar sem álagssár og villustígar hafa myndast og þannig náð að loka ljótum sárum, einkum í kringum Lakagíga, einu viðkvæmasta svæði íslenskrar náttúru. Sú gestamóttaka sem stunduð er af landvörðum í Lakagígum er úthugsað hugarfóstur Kára og aðferðarfræði sem smám saman er að breiðast út um allt land þar sem tekið er á móti hverjum einasta gesti og hann upplýstur um undur svæðisins, umgengnisreglur og verndargildi.

**ION Adventure Hotel**

**á Nesjavöllum leitar að starfsmanni í þrif**

**Helstu verkefni eru þrif á herbergjum og almennum rýmum hótelsins s.s. spa, móttöku, salernum ásamt störfum í þvottahúsi.**

- Viðkomandi þarf að vera vandvirkur, ábyrgur og stundvís.
- Reynsla af þrifum og þvottahússtörfum er nauðsyn.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
- Viðkomandi þarf að vera með ökuskírteini.
- Vinsamlegast sendið umsóknir á job@ioniceland.is

ion hotels

# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2566 Miðvikudagur 30. september 2020

# Íþrótta- og frístundastarf í Sveitarfélaginu Árborg

Núna þegar skólastarfið er hafið eftir sumarleyfi fer vetrarstarf íþrótta- og frístundafélaganna aftur af stað. Sjaldan hefur jafn mikið framboð verið í boði fyrir börn og unglinga í Árborg og vonandi finna sem flestir eitthvað við sitt hæfi enda gott íþrótta- og frístundastarf einn af þeim forvarnaþáttum sem skipta miklu máli í samfélaginu.

### Nýir valmöguleikar bætast við

Innan Árborgar, heilsueflandi samfélags, er gríðarlega gróskumikið starf og framboðið í takti við það. Ungmennafélag Selfoss býður áfram upp á skipulagt starf í fimleikum, frjálsum íþróttum, handbolta, fótbolta, taekwondo, júdó, sundi og mótorcrossi en í vetur bætist við borðtennis í Sunnulækjarskóla sem er skemmtileg viðbót við starfið. Körfuknattleiksfélag Selfoss er með æfingar í Vallaskóla ásamt íþróttafélagi Suðra sem heldur utan um íþróttastarf fatlaðra. Golfklúbbur Selfoss opnaði nýja inniæfingaaðstöðu á Svarfhólsvelli sl. vetur og fara nú æfingar félagsins fram þar. Hestamannafélagið Sleipnir verður með regluleg námskeið í reiðhöllinni í vetur og geta börn fengið lánaðan hest og búnað. Ungliðastarf er í boði hjá Björgunarfélagi Árborgar og Björgunarsveitinni Björg á Eyrarbakka og Ungmennafélögin á Stokkseyri og Eyrarbakka bjóða upp á íþróttaskóla og fótbolta. Skátastarfið er öflugt hjá Fossbúum sem bjóða upp á starf fyrir 11 ára og eldri og Skákfélag Selfoss og nágrennis er með reglulegar æfingar í Fischersetrinu fyrir alla aldurshópa. Tónlistarkennsla er hjá Tónsmiðju Suðurlands og Tónlistarskóla Árnessýslu sem getur að hluta farið fram innan grunnskólanna. Félagsmiðstöðin Zelsíuz og ungmennahúsið Pakkhúsið halda síðan úti fjölbreyttu starfi fyrir 10 ára og eldri. Að auki eru fjölmörg námskeið í boði hjá hinum ýmsu fyrirtækjum á svæðinu líkt og yoga, crossfit, dans og fleira.

### Frístundamessan fellur niður

Haldinn hefur verið sérstakur kynningardagur, „Frístundamessa“ á vorin og haustin fyrir íþrótta- og frístundastarfið en vegna *COVID-19* þá þarf því miður að fresta slíkum viðburðum að sinni en sveitarfélagið vill benda á að upplýsingar um starfið er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins og hvers íþrótta- og frístundafélags sem ætti að nýtast foreldrum vel til að fá allar helstu upplýsingar. Frístundastyrkinn er áfram í boði fyrir 5-17 ára börn og frístundaaksturinn sem börn geta nýtt, ásamt innanbæjarstrætó frítt milli byggðarkjarnanna og innan þeirra til að komast til og frá frístundum.

Við höfum öll tekið eftir og upplifað skrítið ár í samfélaginu og hvað þessir daglegu hlutir eru kannski ekki svo sjálfsagðir eftir allt. Það er þó aldrei mikilvægara en á svona tímum að börn og unglingar taki þátt í skipulögðu frístundastarfi og vonandi gefa þessir fjölbreyttu kostir í Árborg öllum tækifæri til þess.


FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is